

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð (skerðingarlaus atvinnuþátttaka öryrkja).

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímánn Magnússon, Tómas A. Tómasson.

I. KAFLI

Breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

1. gr.

Á eftir 22. gr. laganna kemur ný grein, 22. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Tilraun til starfa.

Örorkulífeyrisþega er heimilt að afla sér atvinnutekna í tvö ár án þess að þær skerði örorkulífeyri, aldurstengda örorkuuppbót, tekjutryggingu og sérstaka uppbót á lífeyri samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Réttur til að starfa án skerðinga vegna atvinnutekna stofnast við tilkynningu örorkulífeyrisþega til Tryggingastofnunar um að hann hyggist nýta þá heimild eða á síðari dagsetningu sem örorkulífeyrisþegi tilgreinir sérstaklega í tilkynningu sinni. Um tilkynningu fer skv. 52. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að skerða bótagreiðslur séu heildartekjur öryrkja hærrí en meðallaun í viðkomandi starfsstétt samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Notast skal við nýjustu upplýsingar hverju sinni. Skal þá skerða þær greiðslur almannatrygginga sem örorkulífeyrisþegi á rétt á án tillits til atvinnutekna um 50% þeirrar fjárhæðar sem nemur mismun á heildartekjum örorkulífeyrisþega og meðallauna í viðkomandi starfsstétt. Skerðing samkvæmt ákvæðinu er heimil þrátt fyrir ákvæði b-liðar 2. mgr. 16. gr. og 4. mgr. 22. gr.

Óheimilt er að afturkalla útgefið örorkumat á grundvelli starfsgetu örorkulífeyrisþega á því tímabili þegar hann nýtir sér heimild til að afla sér atvinnutekna án skerðinga skv. 1. mgr. Við endurmat örorku skal ekki litið til starfsgetu örorkulífeyrisþega á tímabilinu.

Hafi umsækjandi áður nýtt sér heimild til að afla atvinnutekna án skerðinga getur hann sótt aftur um þá heimild átta árum eftir að tveggja ára tímabili skv. 1. mgr. lauk.

II. KAFLI

Breyting á lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 9. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal ekki telja til tekna atvinnutekjur lífeyrisþega undir meðaltekjum í viðkomandi starfsstétt samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands á því tímabili þegar hann nýtir sér úrræði 1. mgr. 22. gr. a laga um almannatryggingar. Notast skal við nýjustu upplýsingar hverju sinni.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2022.

Greinargerð.

Frumvarpið var lagt fram á 150. og 151. löggjafarþingi (94. mál) en var ekki afgreitt. Á fyrri þingum bárust umsagnir um málið frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Proskahjálpi. Umsagnaraðilar lýstu almennt yfir ánægju með frumvarpið. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Ákvæði gildandi laga um almannatryggingar eru torskilin og gjarnan reynist erfitt fyrir hinn almenna borgara að átta sig á framkvæmd laganna. Þeir öryrkjar sem fá greiðslu örorkulífeyris skv. 18. gr. laganna vita þó að þeir mega búast við ýmiss konar skerðingum afli þeir sér atvinnutekna. Þá er örorkumat gjarnan veitt tímabundið og margir óttast skerðingu bóta ef heilsu þeirra hrakar eftir að þeir hefja vinnu. Öryrkjar eiga ekki að þurfa að hafa áhyggjur af framtíðarhorfum sínum ef þeir gera tilraun til að hefja atvinnu á ný. Þvert á móti ættu þeir að eiga von á betri lífskjörum. Því er lagt til að öryrkjum verði veitt sérstök heimild sem þeir geti nýtt sér þegar þeir vilja reyna að hefja störf á ný eða auka starfsgetu sína. Fari svo að sú tilraun heppnist ekki þarf öryrki ekki að óttast frekari skerðingar lífeyrisgreiðslna eða endurmat örorku á grundvelli þeirrar tilraunar. Svipað úrræði skilaði góðum árangri í Svíþjóð. Þar sneru um 30% þátttakenda aftur út á vinnumarkaðinn eftir tilraun til starfa. Samfélagið hefur ríka hagsmuni af því að allir þegnar þess hafi hvata til vinnu og aukinn starfskraftur er samfélaginu til góðs. Ríkissjóður fær skatttekjur af atvinnutekjum öryrkja og því koma skatttekjur að einhverju leyti á móti auknum greiðslum almannatrygginga. Andleg heilsa batnar gjarnan ef fólk getur tekið virkan þátt í samfélaginu og því er þessi tilhögun til þess fallin að bæta andlega líðan öryrkja og fjölskyldna þeirra.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er lagt til að ný grein, 22. gr. a, bætist við lög um almannatryggingar sem heimili örorkulífeyrisþegum að sækja um undanþágu frá skerðingum lífeyris vegna atvinnutekna undir meðaltekjum í viðkomandi starfsstétt í tvö ár. Þannig skerðist örorkulífeyrir, aldurstengd örorkuuppbót, örorkustyrkur, tekjutrygging og sérstök uppbót skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, ekki vegna atvinnutekna á því tímabili sem örorkulífeyrisþegi nýtir sér úrræðið. Eftir sem áður skerðast greiðslur vegna annarra tekna örorkulífeyrisþega á tímabilinu. Ákveðin efri mörk eru þó á úrræðinu og miðast þau við meðaltekjur í viðkomandi starfsstétt. Þannig skulu bætur skerðast með tilliti til atvinnutekna sem ná umfram það viðmið. Til að koma í veg fyrir tvíverknað skatta og skerðinga er þó lagt til að sú skerðing megi ekki nema meira en 50% tekna sem örorkulífeyrisþegi nýtur umfram meðallaun. Svo að úrræðið hvetji til aukinnar atvinnuþátttöku er í 3. mgr. kveðið á um að ekki megi líta til atvinnuþátttöku á meðan örorkulífeyrisþegi nýtir sér úrræðið þegar örorka er metin að nýju og að jafnframt sé óheimilt að afturkalla útgefið örorkumat á grundvelli starfsgetu á meðan úrræðið er nýtt. Því þarf örorkulífeyrisþegi ekki að hafa áhyggjur af því að aukin atvinnuþátttaka kunni að leiða til réttindamissis ef honum hrakar og hann þarf að draga úr vinnu. Í 4. mgr. er kveðið á um hvenær örorkulífeyrisþegi megi nýta sér úrræðið aftur.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er lögð til breyting á 9. gr. laga um félagslega aðstoð til að tryggja að sérstök uppbót 2. mgr. 9. gr. þeirra laga skerðist ekki vegna atvinnutekna örorkulífeyrisþega sem gerir tilraun til starfa.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.